

GJALDSKRÁ

Slökkviliðs Borgarbyggðar.

1. gr.

Lög um brunavarnir nr. 75/2000, með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim kveða meðal annars á um ábyrgð og skyldur sveitarstjórna á starfsemi slökkviliða þeirra, sem gegna nú ríku hlutverki í umhverfismálum og almennri björgun fólks og verðmæta.

Slökkvilið Borgarbyggðar starfar samkvæmt lögum þessum og er skipað eingöngu slökkviliðsmönnum í hlutastarfi. Slökkvilið Borgarbyggðar er eign og starfrækt af Borgarbyggð og fer með brunavarnir í Borgarbyggð en einnig í Skorradalshreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi samkvæmt gildandi samningum þar að lútandi sem sveitarfélögin hafa gert sín á milli.

Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri slökkviliðsins og heyrir undir sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar.

Verkefni Slökkviliðs Borgarbyggðar eru því margvísleg og ákvarðast aðallega af gildandi lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Af öðrum verkefnum skal Slökkvilið Borgarbyggðar taka gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af gjaldskyldri starfsemi skal Slökkvilið Borgarbyggðar taka gjald í samræmi við þann kostnað sem stofnunin verður fyrir vegna þessa. Gjald skal ákvarðað á grundvelli vinnuframlags starfsmanna. Fast tímagjald er fyrir klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns og ákvarðast af útgefni gjaldskrá slökkviliðsins sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn og uppreiknast í årsbyrjun hvers árs og tekur mið af gildandi neysluvísitölu. Sveitarstjórn Borgarbyggðar getur einnig tekið ákvörðun um að auglýsa sérstaka gjaldskrá.

3. gr.

Af umsögnum til annarra opinberra stofnana vegna leyfisskyldrar starfsemi skal tekið fast gjald vegna þriggja klukkustunda vinnu ef skoða þarf viðkomandi stað, en annars einnar klukkustundar vinnu ef umsögnin er afgreidd án skoðunar á staðnum.

4. gr.

Gjald fyrir vinnu slökkviliðs Borgarbyggðar skal vera (miðað við neysluverðsvísitölu í janúar 2019):

Tækifærisleyfi, veitingaleyfi, leyfi fyrir gistiheimili,	<i>kr.</i>
brennuleyfi, flugeldasýningaleyfi	10.310 pr. leyfi
Ef skoðun fylgir framangreindum leyfum	30.930 pr. leyfi
Magirus-Deutz dælubíll	25.700 pr. klst.
Renault dælubíll	27.740 pr. klst.
Iveco-Deutz dælubíll	25.700 pr. klst.
Ford F 550 dælubíll	13.500 pr. klst.
M-Benz dælubíll	25.700 pr. klst.
Scania tankbíll (14.000 lítra)	19.170 pr. klst.
M-Benz tankbíll	19.170 pr. klst.
Rosenbauer – Otter dæla (600 lítra)	6.100 pr. klst.
Honda (100 lítra)	6.100 pr. klst.
Zigler (1.600 lítra)	6.100 pr. klst.
Toyhatsu (2.020 lítra)	13.500 pr. klst.
Rafstöðvar (3 – 5,5 kW)	6.100 pr. klst.
Vatnssuga með manni	11.240 pr. klst.
Bifreiðar 10 – 13 tonn	380 pr. km
Bifreiðar 14 – 20 tonn	435 pr. km
Slökkviliðsmenn, dagvinna	4.800 pr. klst.

Slökkviliðsstjóri, dagvinna	3.700 pr. klst.
Slökkviliðsstjóri, yfirvinna	5.620 pr. klst.
Vinna	10.300 pr. klst.

Virðisaukaskattur bætist við á þeim hluta gjaldskrárinnar þar sem hann á við skv. gildandi lögum og reglum.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefnið telst þjóna ríkum almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum Slökkviliðs Borgarbyggðar. Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnarsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi.

5. gr.

Skrifstofa Borgarbyggðar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Vangreidd gjöld samkvæmt gjaldskrá skulu, þegar vægari innheimtuaðgerðir hafa ekki borið árangur, sótt fyrir dómstólum og í kjölfarið skal afla fjárnáms fyrir öllum skuldum samkvæmt ofangreindu. Gjöldum sem til eru komin vegna eftirlits með því að farið hefur verið að kröfum um úrbætur á eldvörnum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til búnaðarkaupa og samfélags- og forvarnaverkefna á vegum Slökkviliðs Borgarbyggðar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar, með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 með síðari breytingum og 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1299/2017.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 13. desember 2018.

Borgarnesi, 27. desember 2018.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.